

ok fóru þau Hallgerðr til Bergþórshváls. Þá váru þau Helgi eigi heima. Njáll tók vel við þeim<sup>1</sup> Gunnari, ok þá er þau höfðu verit þar nokkura hríð, þá kom Helgi heim ok Þórhalla, kona hans. Þá gekk Bergþóra at pallinum ok Þórhalla með henni, ok mælti Bergþóra til Hallgerðar: „Þú skalt þoka fyrir konu þessi.“ Hallgerðr mælti: „Hvergi mun ek þoka, því at engi hornkerling vil ek vera.“<sup>2</sup> „Ek skal hér ráða,“ sagði Bergþóra. Síðan settisk Þórhalla niðr.

Bergþóra gekk með handlaugar at borðinu. Hallgerðr tók höndina Bergþóru ok mælti: „Ekki er þó kosta munr með ykkur Njáli: þú hefir kartnagl<sup>3</sup> á hverjum fingri, en hann er skegglauss.“ „Satt er þat,“ sagði Bergþóra, „en hvárki okkart gefr þetta qðru at sök; en eigi var skegglauss Þorvaldr, bóndi þinn, ok rétt þú honum þó bana.“ „Fyrir lítit kemr mér,“ segir Hallgerðr, „at eiga þann mann, er vaskastr er á Íslandi, ef þú hefnir eigi þessa, Gunnarr.“ Hann spratt upp ok sté fram yfir borðit ok mælti: „Heim mun ek fara, ok er þat makligast, at þú sennir við heimamenn þína, en eigi í annarra manna hóbýlum, enda á ek Njáli marga scemð at launa, ok mun ek ekki vera eggjanarfífl þitt.“ Síðan fóru þau Gunnarr heim. „Mun þú þat, Bergþóra,“ sagði Hallgerðr, „at vit skulum eigi skilðar.“ Bergþóra sagði, at ekki skyldi hennar hlutr batna við þat. Gunnarr lagði

grið manna á milli; mun orðatiltækið úr daglegu máli og bæði stað- og tíma-bundið. Eftirtektarvert er, að skrifarar handritanna hafa fæstir felld sig við það og því breytt til á ýmsa vegu (*heimboð at qðrum ok vetrgríð* Gr (mun upphaflegt); *at qðrum vetrgríð* S, sbr. O; *heimboð at qðrum* R, M; — í næstu l.: *þiggja vetrgríð at Njáli* Z, O; *sækja*

*vetr at Njáli* R; *þiggja veizlu hjá Njáli* M).

<sup>1</sup> *þeim* R; sl. Y, Z.

<sup>2</sup> *Hornkerling* (Y, S; *hornkona* K; *hornroka* (virðist svo) R): hornreka, kerling, sem rekin er út í horn. Sbr. líka 90. kap.

<sup>3</sup> *Nagl* (o: nōgl) var í fornu máli karlk. (sbr. *naglsrót*), flt. *negl*.